

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Er vegáætlun hefur gilt í tvö ár, skal samin ný áætlun fyrir fjögur næstu ár, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

2. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun, samkv. 10. gr., svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er.

Vegáætlun öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

3. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra skal leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

4. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Vegamálastjóri semur, í samráði við sýslunefndir, framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi, til fjögurra ára í senn.

Er sýsluvegáætlun hefur gilt í tvö ár, skal samin ný áætlun fyrir næstu fjögur ár, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

Sýsluvegáætlun öðlast gildi, er sýslunefnd hefur samþykkt hana og samgönguráðherra staðfest hana.

5. gr.

2. mgr. 23. gr. orðist þannig:

Vegaskattur skal nema 0.3 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, en 0.6 af þúsundi af fasteignamatsverði landa og lóða.

6. gr.

85. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 7.87 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzinbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.

7. gr.

87. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal greiða þungaskatt sem hér segir:

- a. Af bifreiðum, sem nota benzin að eldsneyti, kr. 108.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra.
- b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzin:

Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 22 000.00.

Fyrir bifreiðar 2001 kg og þyngrri greiðast kr. 22 000.00 og auk þess kr. 750.00 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að ökumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið þrjá gjalddaga árlega fyrir þungaskatt og fyrir kílómetragjald, svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög og refsingar fyrir brot gegn reglugerðinni.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða, að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki, fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl, ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannfutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanyting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

c. Af bifhjólum kr. 350.00

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Ákvæði til bráðabirgða.

Svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku laga þessara, skal leggja fyrir Alþingi tillögu til vegáætlunar, er gildi fyrir árið 1971, og tillögu til bráðabirgða-vegáætlunar fyrir árið 1972.

Fyrir reglulegt Alþingi haustið 1971 skal leggja tillögu til vegáætlunar samkvæmt III. kafla vegalaga, sbr. 1. gr. laga þessara, og nái áætlunin yfir árin 1972—1975.

Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1972—1975 skulu gerðar fyrir 1. október 1971.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1971 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.